Guðmundur St. Sigurðarson

# Fornleifaskráning vegna lagningu ljósleiðara í Húnaþingi vestra



Byggðasafn Skagfirðinga

Rannsóknaskýrslur

2015/156

Forsíðumynd: Leifar fjárhúsa og eldri minja í

túninu að Efri-Núpi (Efri-Núpur-1765-11 og 12).

**@ Guðmundur St. Sigurðarson**

**Byggðasafn Skagfirðinga, Sauðárkróki**

**2015/156**

# Efnisyfirlit

Inngangur ... 2

Fornleifar og tilgangur fornleifaskráningar ... 2

Aðferð við skráningu ... 4

Fornleifaskrá ... 5

Samantekt og tillögur að breytingum ... 22

Heimildaskrá ... 26

Fylgiskjöl ... 28

# Inngangur

Byggðasafn Skagfirðinga tók að sér skráningu vegna lagningu ljósleiðara í Miðfirði og Hrútafirði að beiðni Skúla H. Hilmarssonar rekstrarstjóra framkvæmda- og umhverfissviðs Húnaþings Vestra. Skráning á vettvangi fór fram dagana 22. október, 4. og 6. nóvember og var í höndum Guðmundar St. Sigurðarsonar fornleifafræðings sem sá einnig um eftirvinnslu og skýrslugerð.

# Fornleifar og tilgangur fornleifaskráningar

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat á minjum og minjagildi og er undirstaða allrar minjavörslu og áætlunar um varðveislu og kynningu minja. Með markvissri heildarskráningu skapast grundvöllur til að fylgjast með minjastöðum, hvort þeir séu í hættu vegna skipulagsgerðar eða annarra framkvæmda og hvort náttúrulegar aðstæður geti spillt þeim á einhvern hátt.

Allar fornleifar eldri en 100 ára falla undir ákvæði Menningarminjalaga. Um tilgang Menningarminjalaga segir í 1. gr. laga 80/2012:

„Tilgangur laga þessara er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lög þessi ná einnig til staða sem tengjast menningarsögu. Lög þessi eiga að tryggja eftir föngum varðveislu menningarminja í eigin umhverfi, auðvelda aðgang og kynni þjóðarinnar af menningarminjum og greiða fyrir rannsóknum á þeim.“

Samkvæmt 3. gr. er greinarmunur gerður á forngripum og fornleifum en fornleifar er skilgreindar með þessum hætti:

„Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

1. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
2. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
3. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
4. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
5. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
6. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

7. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
8. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
9. skipsflök eða hlutar þeirra.“

Um rannsóknir á fornleifum segir í 6. gr.:

„Með fornleifarannsókn er átt við vísindalegt starf sem unnið er til að stuðla að aukinni þekkingu á fornleifum, sem þegar er vitað um eða líklegt er að finnast muni, eða til að ganga úr skugga um hvort um þess háttar fornleifar sé að ræða á tilgreindu rannsóknarsvæði. Fornleifarannsókn felst meðal annars í vettvangsskráningu fornleifa, rannsókn og könnun fornleifa án jarðrasks og hvers kyns jarðraski sem fram fer í þeim tilgangi að afla aukinnar þekkingar á fornleifum. Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands. [1]“

Enn fremur um skráningu vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda í 16. gr.:

„Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. Minjastofnun Íslands setur reglur um lágmarkskröfur sem gera skal til skráningar fyrir hvert skipulagsstig og er heimilt að gera samkomulag við skipulagsyfirvöld um framvindu skráningarstarfsins enda sé tryggt að því verði lokið innan hæfilegs tíma.

Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fram fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrám með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningar. Þegar sérstaklega stendur á getur Minjastofnun Íslands veitt undanþágu fyrir framkvæmdum með tilteknum skilyrðum.

Skipulagsyfirvöld skulu tilkynna Minjastofnun Íslands um gerð skipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim og um gerð skýrslna um mat á umhverfisáhrifum. Skylt er að heimila þá för um landareign sem nauðsynleg getur talist við framkvæmd skráningar sem gerð er fyrir opinbera aðila. Ber að sýna landeiganda tillitssemi og valda ekki raski eða ónæði að þarflausu.[2]“

Að lokum er rétt er að vekja sérstaka athygli á ákvæðum laganna um áður ókunnar minjar, en í annarri málsgrein 24. gr. segir:

„Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki

[1] Heimasíða Alþingis. http://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html. Skoðað þann 27.10.2015.
[2] Sama.

megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Þetta á að sjálfsögðu bæði við um minjar sem ekki eru sýnilegar á yfirborði en koma í ljós við jarðrask sem og minjar sem kunna að finnast eftir að fornleifaskráningu lýkur og skráningaraðilum hefur af einhverjum sökum yfirsést.

## Aðferð við skráningu

Fornleifaskráning hefst á því að farið er í gegnum ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist.

Í þessu tilfelli afmarkaðist skráningarsvæðið af fyrirhugaðri lagnaleið og voru allar minjar innan 50m frá miðlínu lagnar mældar upp og skráðar. Í skýrslunni fá allar staðsettar fornleifar nafn jarðarinnar sem þær tilheyra, auk sameiginlegs verkefnisnúmers sem gefið er út af Minjastofnun Íslands og að lokum hlaupandi númer innan verkefnisins, þ.e. [nafn núverandi jarðar]-[verkefnisnúmer]-[hlaupandi númer] dæmi: **Reykir-1756-24**.

Reynt er að leggja mat á um hvaða tegund minja er að ræða, þ.e. híbýli manna, útihús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa, s.s. jarðræktar eða landrofs. Hættumat kann að breytast síðar vegna aukinnar eða minnkaðrar hættu. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands sem finna má á vef stofnunarinnar: www.minjastofnun.is. Hættumat í þessu tilfelli miðast fyrst og fremst við mögulega hættu af völdum fyrirliggjandi framkvæmda við lagningu ljósleiðara og var það metið hverju sinni hvort minjar væru líklegar til að vera í hættu eða ekki bæði útfrá fjarlægð frá fyrirhugaðri lagnaleið og ekki síður staðháttum á hverjum stað.

Þá er reynt að leggja mat á aldur minjanna í grófum dráttum og það birt í töflu aftast í skýrslunni. Þar sem heimildir eru um aldur minja er þess sérstaklega getið, annars staðar er aldur áætlaður útfrá útliti og ástandi, auk gróðurfars og grósku í og við minjarnar. Ástand getur verið fjölbreytt eftir aðstæðum, minjar fallið og troðist út á skömmum tíma meðan aðrar haldast stæðilegar um langan aldur. Það verður því að taka þessum áætlaða aldri með fyrirvara.

Minjarnar voru mældar upp á vettvangi með nákvæmu GPS tæki (Trimble ProXrs) sem gefur nákvæmni með undir metra í skekkju. Grunnflötur og útlit minjanna var mælt upp með gps tækjum eða punktur tekinn eftir atvikum.

Yfirlitsmynd af skráningarsvæðunum er að finna aftast í skýrslunni og að auki töflur þar sem allar helstu upplýsingar um einstakar minjar koma fram: Sérheiti ef um slíkt er að ræða, hlutverk, tegund, ástand, hættumat og hættuorsök, áætlaður aldur o.s.frv. Þá er staðsetning minjanna gefin upp í töflunum í Ísnetshnitum (ISN93).

# Fornleifaskrá




*Teikning 1. Fornar tóftir (Syðri- Vellir-1756-1) og matjurtagarður (Syðri- Vellir-1756-2) í hvammi við Vallaá. Gula línan er fyrirhuguð lagnaleið ljósleiðara og er tóftin um 40m frá henni.*




*Mynd 1. Horft til suðurs yfir fornar tóftir (Syðri-Vellir-1756-1) í hvammi við Vallaá.*

**Syðri-Vellir-1756-1**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Hættumat:** Engin hætta
**Hættuorsök:** Tóftin er í jaðri skráningarsvæðisins (sem er 50m frá miðlínu) og ætti ekki að vera í neinni hættu vegna framkvæmdanna.

**Staðhættir**

Tóftin er á litlum tanga í norðanverðu árgili Vallaár, um 140m neðan við Hvammstangaveg. Yngri matjurtagarður er rétt ofan við tóftina og annar enn gleggri ofar í gilinu um 50m neðan við veg og langt utan skráningarsvæðisins.

**Lýsing**

Sokkin og fornleg þrískipt tóft, veggir eru ávalir um 20-40sm háir og u.þ.b. 150sm breiðir. Að norðan, byggt upp að brekkunni, er stórt hólf 3x6m að innanmáli sem snýr u.þ.b. norðvestur-suðaustur og virðist hlið eða dyr hafa verið út til suðvesturs. Áfast að sunnan eru tvö hólf eða hús, engar greinanlegar dyr eða hlið á þeim. Vestara hólfið eða húsið er um 1,5x2m en það austara 2x2,8m. Óvíst er hvaða tilgangi þetta mannvirki hefur þjónað.

**Aðrar upplýsingar**

Tóftin er ekki með dæmigerðu stekkjarlagi þótt staðsetningin og fjarlægð frá bæ rými vel við stekkjarstæði. Þó má vera að um stekk sé að ræða, annar möguleiki er að þarna sé fornt sel. Úr þessu verður ekki skorið án frekari rannsókna.

**Syðri-Vellir-1756-2**
**Hlutverk:** Matjurtagarður
**Tegund:** Garðlag
**Hættumat:** Engin hætta.
**Staðhættir**
Matjurtagarðurinn er á litlum tanga í norðanverðu árgili Vallaá, um 140m neðan við Hvammstangaveg. Fornleg tóft er rétt neðan garðsins, en annar matjurtagarður, enn gleggri, er ofar í gilinu um 50m neðan við veg og langt utan skráningarsvæðisins.
**Lýsing**
Gleggstu garðlögin eru þau sem liggja upp brekkuna en einnig má rekja sig eftir lágu garðlagi á milli þeirra niðri á flatanum og eins virðist vera hryggur eftir brúninni ofan við matjurtagarðinn. Algengt er að matjurtagarðar hafi verið í talsverðum halla til suðurs en það virðist ekki eiga við um þennan, því sjálfur garðurinn virðist hafa verið nánast á flötu og afmarkast af bakka neðst í brekkunni þótt garðlagið hafi legið þar fyrir ofan. Sjálft ræktarsvæðið er um 6x27m á kant eða 162m$^2$.

**Litli-Ós-1756-25**
**Sérheiti: Litli-Ós** (Ytri-/ Minni- Ós)
**Hlutverk:** Bæjarhóll
**Tegund:** Heimild
**Hættumat:** Hætta
**Staðhættir og lýsing**
Gamla bæjarstæðið á Litla-Ósi er á sömu slóðum og núverandi íbúðarhús en engar minjar eru sýnilegar þar á yfirborði þótt gera megi ráð fyrir þeim í jörðu.
**Aðrar upplýsingar**
Jörðin kemur fyrst fyrir í heimildum frá miðri 15. öld en kann að vera mun eldri (Ísl. Fornbréfasafn V, bls. 338, 502).

Í bréfi frá 1520 er „Minne Ös“ metinn á 20 hundruð og landskuld 1 hundrað en kúgildi 5 ½ (Ísl. Fornbréfasafn VIII, bls. 732). Í öðru bréfi frá 1525 kemur fram að kirkjan á Mel hafi átt ítök í hvalreka fyrir landi Ytra-Óss (ísl. Fornbréfasafn IX, bls. 326). Jörðin kemur að auki fyrir í nokkrum bréfum frá miðri 16. öld og ýmist nefnd Minni-Ós, Ytri-Ós eða Litli-Ós (Ísl. Fornbréfasafn XI, bls. 869; XII, bls. 306; XV, bls. 228 og 459).

Í jarðabókinni frá 1705 kemur fram að jörðin hafi þá verið metin á 16 hundruð og tíundast til prests og fátækra en eigandinn var dómkirkjan á Hólum. Landskuld var 1 hundrað og leigukúgildi 5. Engar kvaðir voru á jörðinni og var hún talin geta fóðrað 3 kýr, 1 ungneyti, 15 lömb, 35 ær, 2 hesta og 2 folöld. Þegar jarðabókin var gerð voru 4 til heimilis að Litla-Ósi og niðurseta í 10 vikur. Um landkosti segir að að torfrista og stunga hafi verið hjálpleg og reiðingsrista bjargvæn heimamönnum. Móskurður var talinn vera en ekki notaður. Góð silungsveiðivon var í Miðfjarðarósi og fuglaveiðivon nokkur með snörum. Heimræði var um vor, sumar og haust ef fiskur gekk inn á Miðfjarðarbotn en svo hafði ekki verið undan farin ár. Selveiðivon var sögð lítil, sem og rekavon og skelfisktekjuvon. Mikil landþröng var sögð á jörðinni og fengu ábúendur beitt í landi nágranna sinna, en lambaupprekstur átti jörðin á Breiðabólstaðarafrétt fyrir toll. Annað sem tilgreint er um jörðina er að kvikfé hafi verið hætt „fyrir flæðum, þá fjörumóð leggur.“ og hætt við að rekast í sjó fyrir stórviðrum. Vatnsból var sagt þrjóta til stórmeina þegar vetrarhörkur væru langar og kirkjuvegur var langur (JÁM VIII, bls. 107-108).

**Litli-Ós/Stóri-Ós-1756-3**
**Hlutverk:** Merkjagarður/girðing
**Tegund:** Garðlag
**Hættumat:** Engin hætta
**Staðhættir og lýsing**
Lágt garðlag eða hleðsla er undir merkjagirðingunni á milli Litla-Óss og Stóra-Óss. Mögulega hefur aðeins verið hlaðið undir girðingu frekar en að þar hafi verið garður frá fornu fari. Hleðslan er á bilinu 20-40sm há og um 1m breið og sést á 20m kafla í framhaldi af skurði til austurs, en skurðurinn  gengur til vesturs frá garðlaginu og nær niður eftir öllu túninu niður á bakkann ofan við fjöruna.

**Ytri-Reykir-1756-4**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Garðlag/skurður
**Hættumat:** Engin hætta
**Staðhættir**
Garðlag og handgrafinn skurður sést á kafla norður af hitaveituhúsinu ofan Laugarbakka.
**Lýsing**
Garðlagið er í halla til vesturs og er handgrafinn skurður ofan (austan) við það á kafla.



*Mynd 2. Horft upp (austur) eftir garðlagi (Ytri-Reykir-1756-4) norðan við hitaveituhúsin sunnan Laugarbakka.*



*Mynd 3. Horft heim að Ytri-Reykjum (til austurs), íbúðarhús byggt 1954 en Ytri-Reykir byggðust fyrst um 1800. Hitaveituskurður sést glöggt upp eftir túninu, lægri og grænni en umhverfið.*

**Ytri-Reykir-1756-5**
**Hlutverk:** Bæjarstæði
**Tegund:** Heimild
**Hættumat:** Hætta
**Hættuorsök:** Hætt er við að minjar verði fyrir raski á bæjarstæðinu, en ekki verður séð að hægt sé að forða því, eigi að leggja ljósleiðara í húsið, e.t.v. mætti þó fara ofan í hitaveituskurð sem er vel rekjanlegur í túninu.
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá Reykja segir: „Utan lækjar efst er Lækjartunga, og þar norður á hólnum er býlið Ytri-Reykir, byggt um 1800 á jaðri hins gamla túns.“ (Ö-HG, GJ, bls. 1). Þar er nú íbúðarhús byggt árið 1954 (byggingarár samkvæmt fasteignaskrá: www.skra.is. Skoðað 9.20.2015).
**Lýsing**
Gamalt fremur óslétt tún er umhverfis bæinn niður að bakkanum ofan við hitaveituhúsin en engar sýnilegar minjar eru þó á þeirri leið. Næsta víst er þó að einhverjar minjar séu undir sverði á gamla bæjarstæðinu, þótt þær hafi að líkindum orðið fyrir miklu raski af byggingu íbúðarhússins á sínum tíma.



*Teikning 2. Matjurtagarður er í grónu gili sunnan íbúðarhússins og garðlag sem síðast hefur verið notað sem matjurtagarður er sunnan gilsins.*


*Mynd 4. Horft heim að Syðri-Reykjum (til austurs). Matjurtagarður er í brekkunni sunnan íbúðarhússins og garðlag á brúninni sunnan gils (til hægri á myndinni).*

**Syðri-Reykir-1756-6**
**Hlutverk:** Matjurtagarður
**Tegund:** Garðlag
**Hættumat:** Hætta
**Hættuorsök:** Garðlagið er innan skráningarsvæðis um 12m frá miðlínu fyrirhugðrar lagnaleiðar.
**Staðhættir**
Matjurtagarður er í norðurhlíð í gróinni klauf sunnan við íbúðarhúsið á Syðri-Reykjum í talsverðum halla til suðurs.

**Lýsing**
Greinileg garðlög 10-20sm há og mest 1m breið, eru vestast í norðurhlíð klaufarinnar og mynda reit sem er um 6x9m á kant að innanmáli, en óljós hryggur er undir garðgirðingunni meðfram norðurbrún klaufarinnar og má vera að þar sé um garðlag að ræða en úr því verður ekki skorið án frekari rannsóknar.

**Syðri-Reykir-1756-7**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Garðlag
**Hættumat:** Engin hætta
**Staðhættir**
Á brekkubrún sunnan við klauf eða laut sunnan íbúðarhússins á Syðri-Reykjum er garðlag sem myndar vinkil og hefur í seinni tíð verið nýtt sem skjól fyrir matjurtagarð.
**Lýsing**
Garðlagið er að mestu torfhlaðið en grjót er neðst, hlaðið úr streng og klömbruhnausum, mest um 140sm hátt og 1m breitt.



*Mynd 5. Garðlag (Syðri-Reykir-1756-6) sunnan klaufar sunnan íbúðarhúss á Syðri-Reykjum.*



*Mynd 6. Horft til vesturs heim að bæ á Torfastöðum.*

**Torfastaðir-1756-8**
**Sérheiti:** Torfastaðir/Torfustaðir
**Hlutverk:** Bæjarhóll
**Tegund:** Heimild
**Hættumat:** Hætta
**Hættuorsök:** Gera má ráð fyrir minjum undir sverði á bæjarstæðinu sem gætu orðið fyrir raski við lagningu ljósleiðarans.
**Staðhættir og lýsing**
Núverandi íbúðarhús á Torfastöðum eru gömul útihús sem hefur verið breytt til íbúðar, en þau standa á yngri bæjarhól jarðarinnar, en annar eldri er langt utan svæðis um 170m ASA við þennan. Engar tóftir eru sýnilegar á bæjarhólnum en búast má við minjum undir sverði.

**Aðrar upplýsingar**
Torfastaðir, áður ritað Torfustaðir, koma hvorki fyrir í fornbréfum né íslendingasögum og óvíst hve langt aftur saga jarðarinnar nær, en í jarðabók frá 1686 kemur fram að jörðin hafi þá verið í bændaeign, áður metin á 16 hundruð en eftir það metin á 20 hundruð. (Bj.L., bls. 226).

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá upphafi 18. aldar eru tveir eigendur að jörðinni en einn leigjandi og sjö þar til heimilis. Þar kemur fram að engar kvaðir hafi þá verið á jörðinni. Hrísrif til eldiviðar og kolagjörar var þá eydd og þurfti ábúandi að sækja kol annað, en torfrista og stunga sögð bjargleg. Lax og silungsveiði var nokkur, m.a. í Torfustaðavatni, en ekki verið nýtt í mörg ár. Selstaða var í landi jarðarinnar sem ekki var notuð, en lambauppprekstur átti jörðin á Núpsheiði fyrir toll. Um túnið er ekkert sagt annað en að ábúandi þurfi að sækja bæðu um vetur og sumur í land annarra jarða vegna landþrengsla og sé það gert ýmist fyrir góðvild granna eða toll. Jörðin var talin geta framfleytt tveimur kúm ríflega, 15 lömbum, 40 ám og fjórum hestum. Engar engjar tilheyrðu jörðinni en eitthvað hægt að slá í mýrarsundum. Að lokum kemur fram að kvikfé hafi verið hætt fyrir foruðum í landi jarðarinnar (JÁM VIII, bls. 57-58).



*Teikning 3. Hallsstekkur* (Torfastaðir-1756-9) er vestan vegar um 45m frá miðlínu fyrirhugaðrar lagnar.


*Mynd 7. Horft til norðurs að Hallsstekkjarhóli, Hallsstekkur (Torfastaðir-1756-9) sést neðarlega í brekkunni fyrir miðri mynd.*

**Torfastaðir-1756-9**
**Sérheiti:** Hallsstekkur
**Hlutverk:** Stekkur
**Tegund:** Tóft
**Hættumat:** Engin hætta
**Staðhættir**
Hallsstekkur er sunnan í Hallsstekkjarhóli norðan Stekkjarlækjar um 480m suðaustur af bæ á Torfastöðum.
**Lýsing**
Stekkurinn sést neðarlega í brekkunni en veggir eru að hluta hrundir og innra fyrirkomulag að hluta óljóst. Dæmigert stekkjarlag er ekki á tóftinni, þ.e. einföld rétt með áfastri lítilli lambakró. Tóftin virðist vera þrískipt, að vestan er hólf sem liggur u.þ.b. NV-SA 2x6,5m á kant, austan við eru tvö hólf, það norðara tæplega 4x5m og sunnan við það er óljóst lítið hólf 4x1,2-2m á kant. Veggir eru á bilinu 30-60sm háir og 0,5-3m breiðir, heillegastir að vestan og norðan en talsvert hrundir að sunnan og austan. Leifar girðingar eru ofan á veggjum tóftarinnar að vestan og norðan.



*Mynd 8. Horft til NNV heim að Neðri-Núpi, íbúðarhús til vinstri og útihús til hægri á gamla bæjarhólnum (Neðri-Núpur-1756-10).*

**Neðri-Núpur-1756-10**
**Sérheiti:** Neðri-Núpur
**Hlutverk:** Bæjarhóll
**Tegund:** Hóll
**Hættumat:** Hætta
**Hættuörsök:** Bæjarhóllinn er í nokkurri hættu vegna lagningu ljósleiðarans. Á teikningunni er línan teiknuð heim að útihúsunum sem standa á gamla bæjarhólnum, væntanlega á línan þó að liggja heim að íbúðarhúsinu sem stendur 20-30m suðvestar. Óhjákvæmilegt virðist vera að leggja línuna í jaðri bæjarhólsins hvort sem farið verður ofan eða neðan við hólinn og má búast við að þar séu minjar undir sverði.

**Staðhættir og lýsing**

Útihús norðaustan við íbúðarhúsið á Neðri-Núpi standa á gamla bæjarhólnum. Engar minjar eru sýnilegar á yfirborðinu en ljóst að þar eru minjar undir sverði.

**Aðrar upplýsingar**

Neðri-Núpur kemur fyrst fyrir í Víðidalstungumáldaga frá 1394 þar sem jörðin er talin upp ásamt öðrum jörðum sem lögðu kirkjunni til lambseldi (Ísl. Fornbréfasafn III, bls. 540 og 595). Þá kemur fram í jarðabréfi frá 1448 þegar eigendaskipti urðu á Efri-Núpi að þeirri jörð hafi þá tilheyrt torfskurður í landi Neðri-Núps eftir þörfum og tveggja mánaða beit öllum innifénaði en á móti kom að Neðri-Núpur átti geldfjárrekstur fram á Önundarfitjar og hvannskurð og graslestur í landi Efri-Núps (Ísl. Fornbréfasafn IV, bls. 748). Það sama er áréttað í Núpsbréfi frá 1493 (Ísl. Fornbréfasafn VII, bls. 196). Í kaupbréfi frá 1566 er greint frá sölu jarðarinnar Núps neðra í Núpsdal sem þá var metin á 30 hundruð og skyldi greiðast á tveimur árum í margvíslegu formi (Ísl. Fornbréfasafn XIV, bls. 552-53), kvittun fyrir fullum greiðslum jarðarinnar er svo til frá árinu 1569 (Ísl. Fornbréfasafn XV, bls. 267).

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá upphafi 18. aldar segir um Neðri-Núp að hún sé í einkaeign, metin á 30 hundruð. Tveir ábúendur voru þá á jörðinni annar á 20 hundraða parti en hinn á 10, en heimilisfólk og hjú samtals 11 manns. Landskuld var þá 1 hundrað og 60 álnir og hafði verið lækkuð frá því sem áður var þar sem jörðin þótti ekki standa undir hærri skattheimtu, en fram kemur að árið 1698 hafi hún verið 2 hundruð og 30 álnir. Leigukúgildi voru þegar jarðabókin var skrifuð 4 ½ en voru áður 13 með nýbýlinu Hátúni sem byggt var úr landi Neðra-Núps á stekkjarstæði austan ár. Engar kvaðir voru á

jörðinnni. En hún átti geldfjárrekstur í Fremri Núps afrétti á Önundarfitjum eins og áður greinir og grasatekju og hvannskurð (JÁM VIII, bls. 58-59).

Um landkosti á Neðri-Núpi segir í jarðabókinni að sumarhagar séu merkilega góðir en þar sé vetrarþungt. Torfrista og stunga sögð hjálpleg, móskurður var brúklegur en ekki nýttur. Hrísrif var áður en orðið eytt þegar bókin er skrifuð og þurfti ábúandi að kaupa kol. Lax og silungsveiði var í betra lagi í Núpdalsá en sögð orðin að engu gagni. Tekið er fram að túninu spilli lækjarskriða og sé skaði af því greiddur af landeiganda (JÁM VIII, bls. 58-59).




*Teikning 4. Dældir eftir fjárhús í túninu neðan bæjar á Efri-Núpi og eldri minjar austan þeirra. Gulalínan, er fyrirhuguð lagnaleið og til hægri við hana afleggjarinn heim að bæ.*



*Mynd 9. Horft til suðausturs heim að Efri-Núpi, kirkja og núverandi íbúðarhús (byggt 1961) í baksýn til hægri en dældir eftir fjárhús í túni fyrir miðri mynd (Efri-Núpur-1756-11). Eldri og ógreinilegri minjar eru ofan við dældirnar en sjást illa á þessari mynd (Efri-Núpur-1756-12).*

**Efri-Núpur-1756-11**
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Dældir (sléttuð tóft)
**Hættumat: Hætta**
**Hættuorsök:** Fyrirhuguð lagnaleið er um 10m austan við leifar fjárhúsanna.
**Staðhættir**
Í túninu um 180m NNV af núverandi íbúðarhúsi á Efra-Núpi og tæpa 30m vestur af afleggjaranum heim að bænum eru mjög greinilegar dældir á svolitlum hávaða í túninu, leifar fjárhúsa og eldri minjar fast austan þeirra.
**Lýsing**
Dældir fjárhúsanna eru mjög greinilegar, á bilinu 10-30sm djúpar, þær eru þrjár, tvær aflangar u.þ.b. frá austri til vesturs (báðar um 2x4m á kant) og ein sem gengur þvert á þær að austan (um 3x5m á kant) og liggur norður suður. Svo virðist sem um dæmigerð garðahús með hlöðu sé að ræða, tvær kræer og hlöðu austan við. Útbrúnir veggja eru óljósar en þó sér móta fyrir þeim. Húsið virðist hafa verið u.þ.b. 10x10m á kant að utanmáli með dyr til vesturs. Þessi hús hafa líklega verið rifin eða þeim rutt út fyrir tíma stórvirka vinnuvéla, í það minnsta sér glöggt fyrir þeim í slegnu túni.

**Efri-Núpur-1756-12**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Dældir (sléttuð tóft)
**Hættumat: Mikil hætta**
**Hættuorsök:** Fyrirhuguð lagnaleið er um 2m austan við sýnilegar leifar þessara minja.
**Staðhættir**
Í túninu um 180m NNV af núverandi íbúðarhúsi á Efri-Núpi og tæpa 30m vestur af afleggjaranum heim að bænum eru mjög greinilegar dældir á svolitlum hávaða í túninu, leifar fjárhúsa og eldri minjar fast austan þeirra.
**Lýsing**
Efst á hávaðanum í túninu eru leifar fornlegrar tóftar fast austan (ofan) við dældir nýlegri fjárhúsa. Veggir eru mjög útflattir en þó sér móta fyrir þeim og tveimur dældum innan þeirra. Þessar byggingaleifar eru um 20m langar og 10m breiðar og liggja samsíða veginum, u.þ.b. NNV-SSA, dældirnar liggja eins og eru hvor um sig um 3x5,5m á kant.



*Teikning 5. Rétt ofan við vaðið á Hlíðará, þar sem leggja á ljósleiðarann eru tóftir myllu (Huppahlíð-1756-13), leifar hugsanlegs túngarðs (Huppahlíð-1756-15) upp eftir hólnum og efst á honum tóft, líklega kvía (Huppahlíð-1756-14).*


*Mynd 10. Horft til suðvesturs yfir myllutóft og hleðslu fyrir aðrennsli úr Hlíðará. Sjálf myllutóftin (Huppahlíð-1756-13) er neðarlega fyrir miðju á kafi í sinu, en grjóthlaðinn garður gengur frá henni upp að Hlíðará.*

**Huppahlíð-1756-13**
**Hlutverk:** Mylla
**Tegund:** Tóft
**Hættumat:** Engin hætta.
**Staðhættir**
Myllutóft er norðan Hlíðarár rétt ofan við vaðið á ánni, sunnan undir háum hól.
**Lýsing**
Myllutóftin er niðurgrafin með grjóthlaðna innveggi, hún snýr u.þ.b. NA-SV og er um 140x230sm á kant að innanmáli, og opnast til NA, þaðan sem vatnið hefur runnið útúr myllunni. Hugsanlega hefur verið byggt yfir þessa hleðslu úr timbri, en veggir sjást ekki á yfirborði, nema að sunnan. Suðurveggurinn heldur áfram til suðvesturs út að Hlíðará og hefur hann leitt vatn að myllunni um all mikla rás. Sjálf tóftin er um 40sm

djúp, en frá gólfi hennar upp á suðurvegginn eru um 70sm. Annars er suðurveggurinn/aðveitugarðurinn mest um 170sm breiður og 50sm hár.

**Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá segir: „Járnhöttur suður og upp frá bæ. Réttarhóll, utar Mylluhóll, ofan við bæ Fjósvöllur, niður frá Sakamannvöllur […]“ (Ö-H , bls. 1). Í athugasemdum við örnefnaskránna segir Guðjón Jónsson (f. 1895) að Mylluhóll og Réttarhóll hafi verið sléttaðir en flatirnar haldi enn nafninu (Ö-GJ, bls. 1). Í athugasemdum Helga Björnssonar frá 2010, bónda í Huppahlíð, kemur fyrst fram örnefnið Kvíabrekka, norðan Hlíðarár sunnan í Járnhetti (Ö-HB, bls. 1). Mögulega hafa örnefni eitthvað skolast til milli kynslóða, en líklegt verður að þykja að hóllinn upp af myllutóftinni hafi áður heitið Mylluhóll þótt hann sé nú kallaður Járnhöttur. Tóftin upp á hólnum virðist hins vegar vera leifar kvía og ekki óeðlilegt að brekkan suður af þeim hafi verið nefnd Kvíabrekka.

**Huppahlíð-1756-14**

**Hlutverk:** Kvíar

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Engin hætta

**Staðhættir**

Efst á háum hól suðvestur af gamla íbúðarhúsinu í Huppahlíð er tóft.

**Lýsing**

Tóftin er um 11,5x1,6m á kant að innanmáli með dyr/hlið til vesturs. Garðlag líklega túngarður liggur frá suðurenda tóftar til SSA niður hólinn að Hlíðará. Til norðurs virðist vera óljóst framhald af garðinum en það var ekki kannað nánar þar sem það var komið langt utan skráningarsvæðis. Veggir tóftarinnar eru grjóthlaðnir að innan, mest 70sm háir að innanverðu, en þeir eru á bilinu 1,7-3m breiðir, breiðastir að austan.

**Aðrar upplýsingar**

Í athugasemdum Helga Björnssonar frá 2010, bónda í Huppahlíð, kemur fram örnefnið Kvíabrekka, norðan Hlíðarár sunnan í Járnhetti (Ö-HB, bls. 1).

**Huppahlíð-1756-15**

**Hlutverk:** Óþekkt (túngarður)

**Tegund:** Garðlag

**Hættumat:** Engin hætta

**Staðhættir**

Um 100m suðvestur af gamla íbúðarhúsinu í Huppahlíð er hár hóll, efst á honum kvíatóft og garðlag frá tóftinni niður hólinn til suðurs að Hlíðará.

**Lýsing**

Garðlagið er mjög greinilegt sunnan í hólnum þar sem það liggur frá suðurenda kvíatóftar til SSA niður hólinn að Hlíðará. Til norðurs virðist vera óljóst framhald af garðinum en það var ekki kannað nánar þar sem það var komið langt utan skráningarsvæðis. Garðlagið sunnan í hólnum er um 1m breitt og 30-40sm hátt.

**Aðrar upplýsingar**

Í athugasemdum Helga Björnssonar frá 2010, bónda í Huppahlíð, kemur fram örnefnið Kvíabrekka, norðan Hlíðarár sunnan í Járnhetti (Ö-HB, bls. 1).



*Mynd 11. Horft til vesturs heim að Kollafossi og Fosshóli. Gamla bæjarstæðið á Kollafossi er í túni neðan við íbúðarhúsið. Íbúðarhúsið (byggt 1984) stendur á Kvíabóli þar sem voru áður kvíar. Íbúðarhúsið á Fosshóli (byggt 1963) stendur á Bólhóli, þar voru áður grjóthleðslur.*

**Kollafoss-1756-16**
**Hlutverk:** Bæjarhóll
**Tegund:** Hóll
**Hættumat:** Mikil hætta
**Hættu orsök:** Lagnaleiðin eins og hún er teiknuð liggur yfir bæjarhólinn.
**Staðhættir**
Gamli bæjarhóllinn á Kollafossi er í túninu neðan núverandi íbúðarhúss.
**Lýsing**
Yfirborð bæjarhólsins hefur verið sléttað og hólnum að einhverju leyti rutt út, þó er hóllinn enn vel greinilegur.
**Aðrar upplýsingar**
Jörðin kemur fyrst fyrir í heimildum frá 1318 en kann að vera mun eldri, bænhús var þá á jörðinni og hélst það a.m.k. út 14. öldina. Þrátt fyrir að yfirborð hólsins hafi verið sléttað þá má búast við umfangsmiklum byggðaleifum þar undir sverði, ruslahaugi, bæjarleifum og mögulega bænhúsleifum.

Í Auðunnarmáldaga kemur fram að bænhús hafi verið á Kollafossi (ritað Kolluforse) 1318, þjónað af prestinum á Núpi (ritað Gnupe) (Ísl. fornbréfasafn II, bls. 483). Næst kemur Kollafoss fyrir í máldaga Jóns biskups Skalla Eiríkssonar fyrir Hólabiskupsdæmi [1360-1389] en þá er bænhúsinu þjónað af Staðarbakkaprestum (Ísl. fornbréfasafn III, bls. 164). Í Máldögum Péturs biskups Nikulássonar fyrir kirkjur í Hólabiskipusdæmi frá 1394 er tilgreint að Jón bóndi Hákonarson í Víðidalstungu leggi til Núpskirkju lambseldi á Kollafossi (ritað Kotluforse) og fleiri jörðum (Ísl. fornbréfasafn III, bls. 538-40) og sama kemur fram í Máldaga Jóns kirkju skírara í Víðidalstungu frá sama ári (Ísl. fornbréfasafn III, bls. 595). Jarðabréf fyrir Kollafoss er til frá 1542 (Ísl. Fornbréfasafn XI, bls. 121) og þá er jörðin á skrá yfir jarðeignir Bjarna Jónssonar á Mel frá 1552 (Ísl. Fornbréfasafn XII, bls. 463).

Árið 1705 var jörðin metin á 20 hundruð og tíundaðist jörðin tveim tíundum til kirkju og fátækra. Þá var jörðin í konungseign og heyrði undir Sigurð Björnsson lögmann á Saurbæ á Kjalarnesi en ábúandinn

var Sigurður Einarsson. Landskuld var 1 hundrað. Leigukúgildi voru þá 5 ½ en höfðu 60 árum fyrr verið 4. Engar kvaðir voru þá á jörðinni, en ábúandi lagði til viði til húsabótar. Fram kemur að jörðin hafi átt Lambaupprekstur á Húksheiði fyrir toll til Staðarbakka. Sumarhagar í landi Kollafoss voru sagðir merkilega góðir en engjar slitróttar og meinaði þeim lækjarskriða, þá var kvikfé sögð hætta af foröðum en tún meinþýft og mýrlent. Hlunnindi af laxveiði höfðu þá ekki verið brúkuð til gagnsmuna, en torfrista og stunga sögð hjálpleg og hrísrif til kolagjörðar og eldiviðar bjarglegt. Annað sem tilgreint er um jörðina er að þar sé vetrarþungt mjög, kirkjuvegur langur og erfiður og þurfamannaflutningur að sama máta illur og langur (JÁM VIII, bls. 48). Jarðamatið er óbreytt í jarðabókinni frá 1847, 20 hdr., landskuld 1 hdr, kúgildin 5 ½, einn ábúandi en hann eigandi að ½ jörðinni (Johnsen, bls. 224).

**Kollafoss-1756-17**
**Hlutverk:** Kvíar
**Tegund:** Heimild
**Hættumat:** Engin hætta
**Staðhættir**
Samkvæmt örnefnaskrám voru kvíar á sömu slóðum og íbúðarhúsið á Kollafossi stendur nú. “ (Ö-HG, bls. 1; Ö-HV, bls. 1; Ö-GV, bls. 1).
**Lýsing**
Engar minjar sáust við vettvangsskráningu umhverfis íbúðarhúsið á Kollafossi.
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá fyrir Kollafoss segir Helgi Guðmundsson: „[…] utan lækjar, þó innan garðs, upp frá bæ, Kvíaból“ (Ö-HG, bls. 1). Í svörum við spurningum um örnefni frá 1999 segir Helgi Valdimarsson: „Ekki veit ég hvenær ær voru mjaltaðar síðast á Kvíabóli. Kvíaból mun hafa verið ca. 100-120 metra vestur frá bæ. Ekki sjást rústir því búið er að rækta tún þar sem það var.“ (Ö-HV, bls. 1). Þessi vegalengd fær þó ekki alveg staðist miðað við loftmynd því af hólnum upp að íbúðarhúsinu eru rétt um 60m. Í athugasemdum við örnefnaskrá frá 2010 segir Gunnlaugur Valdimarsson: „Kvíaból er þar sem íbúðarhúsið á Kollafossi stendur […]“ (Ö-GV, bls. 1). Í samtali við Ástu Sveinsdóttur á Fosshóli kom fram að hún taldi óljósar hleðslur vera ofan við íbúðarhúsið á Kollafossi, mögulega leifar nefndra kvía, skrásetjari fann þær ekki á vettvangi en snjóhula var yfir þegar skráning fór fram.

**Kollafoss-1756-18**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Heimild (um hleðslur)
**Hættumat:** Engin hætta
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá fyrir Kollafoss segir Helgi Guðmundsson: „Út frá gamla túni er stór hóll með fjárhúsum, Bólhóll“ (Ö-HG, bls. 1). Í svörum við spurningum um örnefni frá 1999 segir Helgi Valdimarsson: „Bólhóll er um það bil 150 metrum fyrir norðan Kvíaból og trúlegt að hann dragi nafn af því. Þar efst á hólnum voru grjóthleðslur þegar ég var unglingur á Kollafossi. Á Bólhól er nú búið að byggja nýbýlið Fosshól, og eru þar íbúðarhús, tvenn fjárhús og hlöður og vélageymsla. Byrjað var að byggja þar fjárhús og hlöðu árið 1958“ (Ö-HV, bls. 1). Í athugasemdum við örnefnaskrá frá 2010 segir Gunnlaugur Valdimarsson: „Bólhóll er þar sem íbúðarhús Þorsteins Helgasonar stendur Fosshóll“ (Ö-GV, bls. 1).

**Lýsing**
Engar hleðslur eða tóftaleifar fundust á þessum slóðum við vettvangsskráningu, enda íbúðarhús byggt 1963 á sama stað.



*Mynd 12. Horft til suðausturs heim að Skeggjastöðum, tóftalegar dældir sjást á lágum hól í túninu fyrir miðri mynd.*

**Skeggjastaðir-1756-19**
**Sérheiti:** Skeggjastaðir
**Hlutverk:** Bæjarhóll
**Tegund:** Hóll
**Hættumat:** Hætta
**Hættuörsök:** Minjar undir sverði á gamla bæjarhólnum eru í hættu vegna lagningu ljósleiðarans, en hjá því verður ekki komist ef leggja á ljósleiðarann í íbúðarhúsið.
**Staðhættir og lýsing**
Núverandi íbúðarhús (byggt 1926) og áföst útihús eru byggð á gamla bæjarstæði Skeggjastaða og má búast við að minjar undir sverði séu í hættu vegna ljósleiðaralagningar. Engar sýnilegar minjar eru á bæjarhólnum og óvíst hve stórum hluta hans hefur verið raskað við byggingar núverandi húsa, með greftri lagnaskurða o.s.frv.
**Aðrar upplýsingar**
Í Víðidalstungumáldaga frá 1394 kemur fram að Skeggjastöðum (ritað Skeggalldzstodum) hafi, ásamt fleiri jörðum, borið að leggja Víðidalstungukirkju til lambsuppeldi (Ísl. Fornbréfasafn III, bls. 540 og 595).

Töluvert hefur verið ritað um bæjarnafnið Skeggjastaði og bærinn m.a. verið tengdur við Miðfjarðar Skeggja (Jósafat Hjaltalín 1926, bls. 54). En samkvæmt landnámu var hann sonur Skinna-Björns sem nam Miðfjörð og Línakradal (Landnáma, III hluti, 55. kafli). Margeir Jónsson benti hins vegar á að bæjarnafnið Skeggjastaðir hafi ekki sést ritað með þeim hætt fyrr en í jarðabókinni 1847, en fyrir það ýmist ritað Skeggalldz-, Skegghalds- eða Skeggvaldsstaðir og lagði hann til að upprunalegt bæjarnafn væri

Skeggvalds- eða Skeggvaldastaðir fremur en Skegg-Halls eða Skeggkarls og færði rök fyrir því (Margeir Jónsson 1927, bls. 74-75).

Öruggar heimildir um aldur jarðarinnar virðast því ekki ná lengra aftur en til loka 14. aldar en vel má vera að þar hafi byggst bær miklu fyrr þótt heimildir vanti.

Í jarðabók frá 1686 kemur fram að jörðin hafi þá verið metin á 11 hundruð og 160 álnir en hafi áður verið metin á 12 hundruð, en landskuld var óbreytt 70 álnir og kúgildi sömuleiðis 2 ½ (Bj. L., bls. 225).

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá upphafi 18. aldar kemur fram að Skeggjastaðir (ritað Skiegghallsstader en neðanmáls segir: „Uppi yfir stöfunum „ha" hefur Árni Magnússon skrifað vallds […]." ) hafi verið metin á 12 hundruð og verið í einkaeign. Einn ábúandi, leiguliði á jörðinni og 5 til heimilis og að auki einn niðursetningur. Landskuld var 70 álnir, en leigukúgildi 3 ½. Talið var að jörðin gæti fóðrað 3 kýr, 40 ær, 15 lömb og 4 hesta. Engar kvaðir voru á jörðinni (JÁM VIII, bls. 51-52).

Um landkosti var sagt að torfrista og stunga væri viðsæmandi. Móskurður til eldiviðar var talin vera en ekki notaður. Hrísrif til kolagjörðar og eldiviðar hjálplegt en þverrandi. Laxveiði hafði verið en ekki í mörg ár að gagni. Lamba upprekstur átti jörðin á Húksheiði fyrir toll. Túninu var sagt að spillti vatnságangur ofan af hálsinum sem gerði mýrlendi. Engjar voru sagðar mjög slitróttar og ekki aðrar en það sem sótt var í kelduföll og flóa. Að auki er því bætt við að vatnsból þrjóti oft um vetur, kvikfé sé hætt við foröðum og dýjum og kirkjuvegur og hreppamannaflutningur sé erfiður og langur (JÁM VIII, bls. 51-52).

Í jarðabókinni 1847 jarðamatið óbreytt, 12 hundruð, en landskuld þá 80 álnir og kúgildin 4 (Johnsen, bls. 224). Árið 1861 er jarðamatið komið í 14,2 hdr. (Ný jarðabók, bls. 98).

**Skeggjastaðir-1756-20**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Dældir ( og hóll)
**Hættumat:** Hætta
**Hættuörsök:** Tóftalegur hóll með dældum er í túninu norðvestur af bæ þar sem fyrirhugað er að leggja ljósleiðarann, ef hann yrði færður sunnar og nær skurði eru minni líkur á að minjar verði fyrir raski.

**Staðhættir og lýsing**

Töluvert umfangsmikill en fremur lágur hóll er í gömlu, mjög óslettu og blautu túni norðvestur af bæ á Skeggjastöðum. Nokkrar dældir eru á hólnum og hann líklegur til að hafa að geyma byggingaleifar og mögulega á stærra svæði en dældirnar ná yfir. Þetta verður þó ekki staðfest án frekari rannsókna.

**Aðrar upplýsingar**

Ábúandi mundi ekki eftir byggingum á þessum slóðum en taldi mögulegt að þarna hefðu einhvern tíma staðið útihús.

**Reykir-1756-21**
**Hlutverk:** Kartöflugeymsla
**Tegund:** Hús
**Hættumat:** Engin hætta
**Hættuörsök:** Um uppistandandi byggingu er að ræða og hæpið að hún verði fyrir raski vegna framkvæmda þótt lagnaleiðin sé teiknuð beint framan við hana.



*Mynd 13. Uppistandandi torfhús með torf og bárujárnsþaki norðan við gamla skólahúsið á Reykjum (Reykir-1856-21).*

**Staðhættir og lýsing**

Rúma 30 m norðan við gamla barnaskólann á Reykjum er lítið torfhús. Dyr eru til suðurs og í rofi fremst á þaki sést að bárujárn er undir torfi, ofan við hurðina er svert járnrör, líklega loftun inn í húsið.

**Aðrar upplýsingar**

Kartöflugeymsluna byggði Ólafur H. Kristjánsson einhvern tíma eftir að hann flutti að Reykjum 1955 og gerðist þar skólastjóri. Í húsið var notaður rekaviður frá Þambárvöllum í Bitrufirði að sögn Þorsteins Sigurjónssonar á Reykjum (samtal 20.11.2015).

**Reykir-1756-22**

**Hlutverk:** Herminjar/sjóminjar

**Tegund:** Steinsteypa/tóft

**Hættumat:** Hætta

**Hættuörsök:** Minjarnar eru rétt norðan sýndrar línuleiðar. Þær eru sæmilega glöggar en gætu engu að síður orðið fyrir raski ef ekki er farið með gát.

**Staðhættir**

Steinsteyptur sökkull er sunnan við ós Hveralækjar, rétt norðan við nyrstu bygginguna á lóðinni.



*Mynd 14. Horft til austurs yfir tóft (Reykir-1856-22) með steyptum sökkli norðvestast á Reykjatanga.*

**Lýsing**

Þetta hefur verið lítið mannvirki, 2,4x3,7m að innanmáli, og snúið norðvestur-suðaustur með dyr til norðvesturs, torf eða jarðvegur er umhverfis steinsteyptan sökkul sem er að hluta niður grafinn.

**Aðrar upplýsingar**

Leifar af spili til að draga báta á land eru rétt norðan tóftarinnar og má vera að hún hafi gegnt einhverju hlutverk í tengslum við sjósókn en óvíst hvort það sé upphaflegt hlutverk hennar. Þorsteinn Sigurjónsson bóndi á Reykjum kannaðist við tóftina en var ekki klár á hlutverki hennar, mögulega frá hernámsárum, en spilið síðar til komið (samtal 20.11.2015).

Á uppdrætti af Reykjatanga frá stríðsárunum þegar Bretar og síðar Bandaríkjamenn höfðu herstöð á tanganum má sjá fjölda bygginga á þessum slóðum (Friðþór Eydal 2015, bls. 99), en ekki er augljóst að tengja megi neina þeirra við umræddar minjar. Rétt er að nefna að ekki reyndist auðvelt að bera teikninguna saman við nýlega loftmynd, þar sem afstaða bygginga og landslags á teikningunni er ekki hárnákvæmt, engu að síður er hún góð heimild um fyrirkomulag og grófa staðsetningu bygginga á herstöðvarsvæðinu.

**Reykir-1756-23**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Hryggur

**Hættumat:** Engin hætta

**Staðhættir og lýsing**

Hryggur og dældir eru á grasflötinni norðan við hús Byggðasafns Húnvetninga og Strandamanna. Hryggurinn er hátt í 8m breiður, ávalur og 20-30sm hærri en umhverfið. Nokkrar dældir eru suðvestan vert við hrygginn og tvær rásir skerast inn í hann að austanverðu og liggja norðaustur-suðvestur. Ekki er

ljóst að um eiginlegar fornleifar sé að ræða en mjög líklega tengist þetta mannvirkjum frá hernámsárunum. En á þessu svæði var þyrping bragga og vegur og járnbrautarteinar lágu einnig um þetta svæði norður-suður og má vera að hryggurinn sé leifar þess.

**Aðrar upplýsingar**

Í bók Friðþórs Eydal kemur fram að 2,5 ha af landi Reykja ásamt húsi og lóð Reykjaskóla hafi verið leigt setuliði og þar hafi staðið 141 braggi og 15 önnur hús (bls. 145). Um brautarteina segir á bls. 30: „Bragginn var hluti af birgðageymslum sem stóðu vestan við skólann og lá lítil járnbraut þangað frá lendingunni á Reykjatanga“. Á korti á bls. 99 sést hvar járnbrautin liggur, vestan við veg til suðurs frá birgðageymslunni að lendingunni suðvestarlega á tanganum.



*Mynd 15. Horft til norðurs eftir dældum og hrygg (Reykir-1756-23) í grasflötinni norðan við hús Byggðasafnsins á Reykjum. Hryggurinn kann að vera leifar vegs og brautarteina sem lágu frá birgðageymslum vestan gamla barnaskólans og til suðurs að uppskipunarbryggju sunnanvert á Reykjatanga.*

**Reykir-1756-24**

**Hlutverk:** Herminjar

**Tegund:** Steinsteypa

**Hættumat:** Mikil hætta

**Hættuörsök:** Minjarnar eru í mikilli hættu sökum landbrots en ættu ekki að verða fyrir raski af völdum lagningu ljósleiðarans.

**Staðhættir og lýsing**

Steypt undirstaða undir fallbyssu er í flæðarmálinu yst á Reykjatanga vestur af húsi Reykjasafns. Greinilegt er að sjór er að brjóta af mannvirkinu og eru járnabindingarnar að miklu leyti orðnar sýnilegar. Undirstaðarn er rúmlega 2x2m á kant og í miðju standa 20 stórir boltar uppúr steypunni sem fallbyssan hefur verið boltuð á.

**Aðrar upplýsingar**

Í bókinni *Hersetan á Ströndum og Norðurlandi Vestra* segir: „Stórskotalið breska hersins setti upp tvær fjögurra þumlunga strandvarnarbyssur yst á Reykjatanga í ársbyrjun 1941 og var önnur tilbúin 15. febrúar. Sérstakur virkjagerðarflokkur, sem ferðaðist um landið, kom níðþungum fallbyssunum fyrir og var það ekkert áhlaupaverk án hafnarmannvirkja og lyftikrana. Tveir öflugir ljóskastarar voru settir upp í Hveravík og á Stekkjarnesi norðan víkurinnar til að lýsa upp skotmarkið. Kastararnir voru 90 cm í þvermál og dró ljósgeislinn rúmlega sex kílómetra en byssurnar mest tíu kílómetra. Umsjón með byssunum og ljóskösturunum höfðu 5 liðsforingjar og 73 hermenn úr strandvarnaflokki stórskotaliðsins sem nefndist í fyrstu Alabaster „X“ Independent Coast Battery. Nafninu var breytt 1. Maí 1941 í 110th Coast Battery sem þá var skipað 80 mönnum.“ (Friðþór Eydal 2015, bls. 24).



*Mynd 16. Leifar af undirstöðu fyrir fallbyssu sem var í fallbyssuvígi breska hersins yst á Reykjatanga.*

## Samantekt og tillögur að breytingum:

Skráðar voru 25 minjar á lagnaleiðinni, þar af sex bæjarhólar eða bæjarstæði. Í tveimur tilfellum er lagt til að línan verði færð til að forða þeim raski, þ.e. á Kollafossi og Neðri-Núpi, en á hinum stöðunum, þ.e. á Litla-Ósi, Ytri-Reykjum, Torfastöðum og Skeggjastöðum er byggingar sem leggja á ljósleiðara í á gömlum bæjarstæðum og ekki hægt að forða minjum frá raski. Miðað við teikningu af lagnaleiðinni ætti ekki að vera farið beint í gegnum aðrar minjar, hins vegar eru nokkrar minjar í hættu vegna nálægðar við fyrirhugaða lagnaleið og er gerð grein fyrir því hér að neðan (minjar í hættu og tillögur að breytingum eru merktar með rauðu):

- **Syðri-Vellir -** Ekki er ástæða til að gera breytingar á lagnaleið í landi Syðri-Valla vegna þekktra fornleifa.
    - Línan er langt fyrir neðan bæ á Syðri-Völlum sem er upphaflega bæjarstæðið og nær ekki norður að Ytri-Völlum sem eru síðar til komnir. A.m.k. þrennar tóftir eru á ásnum ofan við lagnaleiðina í landi Syðri-Valla og auk þess vörður eða hleðslur á a.m.k. tveimur stöðum ofan og neðan línunnar, ekkert af þessu er þó í hættu vegna lagnaleiðarinnar og var ekki formlega skráð þar sem það var vel yfir 50m frá miðlínu lagnar. Einu minjarnar sem lenda innan svæðis eru fornleg tóft í Vallaárgili um 40m ofan (austan) línu (Syðri-Vellir-1756-1) og fast við hana, rétt utan svæðis er matjurtagarður (Syðri-Vellir-1756-2).

- **Litli-Ós -** Gamla bæjarstæðið á Litla-Ósi er á sömu slóðum og núverandi íbúðarhús, en engar minjar eru sýnilegar þar á yfirborði þótt gera megi ráð fyrir þeim í jörðu. Það eru því líkur á að minjar geti orðið fyrir raski þegar lagt verður í húsið.
    - Jörðin kemur fyrst fyrir í heimildum frá miðri 15. öld en kann að vera mun eldri.
    - Ábúandi gerði athugasemdir við lagnaleiðina og vildi láta hana fylgja hitaveitulögnum sem þegar eru í landinu. Engar þekktar fornleifar eru í hættu þó það verði gert. Eina fornleifin sem lenti innan svæðis er mögulegt garðlag undir girðingu á merkjum milli Litla-Óss og Stóra-Óss (Litli-Ós/Stóri-Ós-1756-3).

- **Stóri-Ós** - Ekki er ástæða til að gera breytingar á lagnaleið í landi Stóra-Óss vegna þekktra fornleifa.
    - Gamla bæjarstæðið er ekki á sama stað og núverandi íbúðarhús sem eru þrjú talsins og engar þekktar minjar eða heimildir um minjar á lagnaleiðinni aðrar en mögulegt garðlag undir girðingu á merkjum milli Litla-Óss og Stóra-Óss (Litli-Ós/Stóri-Ós-1756-3).

- **Saurar** - Ekki er ástæða til að gera breytingar á lagnaleið í landi Saura vegna þekktra fornleifa.
    - Gamla bæjarstæðið er langt ofan línuleiðar og engar sýnilegar minjar á línuleið.

- **(Ytri-) Reykir** (Laugabakki) - Hætt er við að minjar verði fyrir raski á bæjarstæði Ytri-Reykja (Ytri-Reykir-1756-5), en ekki verður séð að hægt sé að forða því, eigi að leggja ljósleiðara í húsið, e.t.v. mætti þó fara ofan í hitaveituskurð sem er vel rekjanlegur í túninu.
    - Ráðgert er að leggja ljósleiðara beint upp að gamla íbúðarhúsinu á Ytri-Reykjum frá hitaveituhúsunum í Laugarbakka. Íbúðarhúsið var byggt árið 1954 en þar var fyrst byggður bær um 1800. Engar minjar sáust á yfirborði en búast má við að farið verði í gegnum minjar undir sverði á bæjarstæðinu.

    - Að auki er garðlag norðan og austan við fyrirhugaða lagnaleið sem lendir innan við 50m frá miðlínu (Syðri-Reykir-1756- 4). Það er þó að líkindum ekki mjög gamalt og á ekki að vera í neinni hættu.

- **(Syðri-) Reykir (Laugabakki)** - Ekki er ástæða til að gera breytingar á lagnaleið í landi Syðri-Reykja vegna þekktra fornleifa.
    - Íbúðarhúsið á Syðri-Reykjum er ekki á gamla bæjarstæðinu, það var talsvert norðar og er því ekki í hættu. Hins vegar eru leifar matjurtagarðs (Syðri-Reykir-1756- 5) í gilbrekkunni suður af íbúðarhúsinu og veggjabrot (Syðri-Reykir-1756- 6) uppi á brekkunni sunnan við gilið. Hvort tveggja innan við 50m frá miðlínu fyrirhugaðrar lagnar, en ætti þó ekki að vera í hættu ef línunni er fylgt.

- **Barkarstaðir** - Ekki er ástæða til að gera breytingar á lagnaleið í landi vegna þekktra fornleifa.
    - Engar heimildir né sýnilegar minjar eru á fyrirhugaðri lagnaleið í landi Barkarstaða.

- **Haugur** - Ekki er ástæða til að gera breytingar á lagnaleið í landi Haugs vegna þekktra fornleifa.
    - Núverandi íbúðarhús byggt árið 1976 er ekki á gamla bæjarhólnum og engar heimildir um minjar né sýnileg ummerki um minjar eru á lagnaleiðinni. (Gamla íbúðarhúsið byggt 1947 er hins vegar á gamla bæjarstæðinu en ekki liggur fyrir að leggja ljósleiðara þangað).

- **Núpsdalstunga-** Ekki er ástæða til að gera breytingar á lagnaleið í landi Núpsdalstungu vegna þekktra fornleifa.
    - Núverandi íbúðarhús (byggt 1975) er ekki á gamla bæjarstæðinu og engar heimildir um minjar á lagnaleiðinni og sjást engin ummerki um slíkt á yfirborði.
    - Fjárhús og hlaða byggð á árunum 1973-85 eru á gamla bæjarstæðinu um 90m SSA af íbúðarhúsinu. Pétursholar eru tveir samfastir hólar í túninu suður og niður frá fjárhúsunum. Í örnefnaskrá segir að þar sé talið að bærinn hafi staðið áður og eru heimildir um tóftir á þeim slóðum, þar eru í dag slétt tún og engar minjar sýnilegar á yfirborði. Þessar minjar kunna að hafa verið í jaðri skráningarsvæðisins en hefðu þó ekki verið í hættu þar sem línan liggur neðan og svo norðan hólanna.

- **Torfastaðir** - Hætt er við að minjar verði fyrir raski á bæjarstæði Torfastaða (Torfastaðir-1756-8), en þó er ekki ástæða til að gera breytingar á lagnaleiðinni.
    - Núverandi íbúðarhús er útihús sem hefur verið breytt til íbúðar, það er hins vegar á gömlu bæjarstæði samkvæmt örnefnakorti og er steypt hús að hluta úr torfi áfast því að norðan. Búast má við að minjar geti leynst undir sverði, umhverfis húsin. Þetta er hins vegar ekki elsta bæjarstæðið, en það er um 170m ASA af núverandi íbúðarhúsi, langt utan lagnaleiðar. Óvíst er um aldur bæjarstæðisins, sem og hve langt aftur saga jarðarinnar nær en hún nær a.m.k. aftur til miðrar 17. aldar.
    - Heimildir er um húsatóftir sunnan Skiphóls sem er langur hóll sem liggur til NA frá íbúðarhúsinu. Þar er nú slétt tún og sáust engin ummerki um þessar tóftir, en þær hefðu þó ekki verið í hættu þar sem línan á að koma norðan hóls. Þá eru leifar túngarðs vestan og norðan íbúðarhússins rétt utan skráningarsvæðisins og ekki í neinni hættu.

- Stekkur frá Torfastoðum, Hallsstekkur (Torfastaðir-1756-9) er í jaðri skráningarsvæðisins um 45m frá miðlínu lagnaleiðar ofan við veg, tæpa 500m suðaustur af bæ á Torfastöðum. Þessar minjar ættu ekki að vera í neinni hættu.

- **Neðri-Núpur** - Á teikningunni er línan teiknuð heim að útihúsunum sem standa á gamla bæjarhólnum (Neðri-Núpur-1756-10), væntanlega á línan þó að liggja heim að íbúðarhúsinu sem stendur 20-30m suðvestar. Óhjákvæmilegt virðist vera að leggja línuna í jaðri bæjarhólsins hvort sem farið verður ofan eða neðan við hólinn og má búast við að þar séu minjar undir sverði. Bæjarhóllinn er því í nokkurri hættu vegna lagningu ljósleiðarans, en elsta heimild um jörðina er frá lokum 14. aldar en vel má vera að byggð á staðnum sé mun eldri þótt heimildir um það hafi ekki ratað á blað.
  - Tvíbýli var fyrrum á jörðinni og eru tóftir ytri bæjarins í túninu norðan núverandi íbúðarhúss, þessar minjar eru rétt utan skráningarsvæðis og voru ekki mældar upp og eru ekki í neinni hættu af lagningu ljósleiðarans.
  - Torfgarður er umhverfis gróðurhús sem stendur um 30m norðvestan við íbúðarhúsið á Neðra-Núpi, þessar minjar voru taldar utan svæðis og ekki mældar upp á vettvangi. Þær lenda þó innan svæðis verði línan færð upp fyrir bæjarhól en ættu samt sem áður ekki að vera í hættu. Verði farið niður fyrir bæjarhól eru þær vel utan svæðis.

- Efri-Núpur – Í túninu neðan vegar heim að Efra-Núpi eru dældir eftir fjárhús (Efri-Núpur-1756-11) og eldri minjar fast ofan þeirra (Efri-Núpur-1756-12). Þessar minjar eru í hættu að óbreyttu og er lagt til að línan verði færð nær veginum til að forða þeim raski.

- **Huppahlíð -** Ekki er ástæða til að gera breytingar á lagnaleið í landi Huppahlíðar vegna þekktra fornleifa.
  - Tóftir myllu, túngarður og kvíar eru ofan við lagnaleiðina skammt suðvestur af bæ á Huppahlíð, þessar minjar eru innan skráningarsvæðis en ættu ekki að vera í neinni hættu ef farið er eftir línunni eins og hún er teiknuð. Nokkrar vörðuleifar eru sunnarlega í landinu milli Huppahlíðar og Kollafoss, þær eru þó allar utan skráningarsvæðis.

- **Kollafoss** - Nauðsynlegt er að færa ljósleiðarann suður fyrir afleggjarann heim að íbúðarhúsinu á Kollafossi til að forða bæjarhólnum (Kollafoss-1756-16) raski.
  - Jörðin kemur fyrst fyrir í heimildum frá 1318 en kann að vera mun eldri, bænhús var þá á jörðinni og hélst það a.m.k. út 14. öldina. Bæjarhóllinn er í túni neðan íbúðarhússins, en þrátt fyrir yfirborð hans hafi verið sléttað þá má búast við umfangsmiklum byggðaleifum þar undir sverði, ruslahaugi, bæjarleifum og mögulega bænhúsleifum.
  - Íbúðarhúsið á Kollafossi er byggt á Kvíabóli þar sem áður voru kvíar (Kollafoss-1756-17), en engar leifar þeirra fundust á vettvangi. Þá er heimild er um grjóthleðslu (Kollafossi-1756-18) á Bólhóli þar sem íbúðarhúsið á Fosshóli stendur nú og ekki ástæða til að taka tillit til þess.

- **Skeggjastaðir** – Lagt er til að færa línuna ögn til suðurs þar sem hún liggur upp eftir túninu norðvestan við bæ, þar er tóftalegur hóll sem kann að geyma fornleifar þótt það hafi ekki verið staðfest. Auðvelt er hins vegar að færa línuna nokkra metra til suðurs og er lagt til að það verði

gert. Að auki má búast við raski á minjum heima við íbúðarhúsið sem byggt er á gamla bæjarstæðinu, en ekki verður hjá því komist.

- Jörðin kemur fyrst fyrir í heimildum undir lok 14. aldar en munnmæli eru um tenginu jarðarinnar við Miðfjarðar-Skeggja son Skinna-Björns sem samkvæmt landnámu nam Miðfjörð og Línakradal. Sú tengin virðist byggja á bæjarnafninu og verður í besta falli talin ótraust þar sem nafnið Skeggjastaðir verður ekki til fyrr en á miðri 19. öld en jörðin áður nefnd Skeggvaldsstaðir/Skeggvaldastaðir/Skegghaldsstaðir. Það getur þó vel hugsast að saga jarðarinnar nái aftur á landnámsöld.

- Reykir í Hrútafirði – Ekki eru lagðar til breytingar á lagnaleið ljósleiðara á Reykjatanga í landi Reykja, en fara þarf með gát þar sem farið er með lögnina fyrir á húsinu sem er næst norðvestan við gamla skólahúsið á Reykjum. Þar er tóft (Reykir-1756-22) rétt utan við húsið, hún er að hluta niðurgrafin, með steyptan sökkul en torf eða jarðvegur upp að sökklinum utanverðum. Mögulega eru þetta leifar frá hersetu árunum en stór herstöð var á Reykjatanga á árunum milli 1940 og 1945. Þar var reistur 141 braggi og 15 hús á vegum hersetuliðsins, þar á meðal sjúkrahús með skurðstofu og legurými fyrir 75 manns. Þessar byggingar voru flestar teknar niður og fjarlægðar að stríði loknu og er engin braggi á tanganum í dag og ekki sýnileg ummerki um þessar byggingar á yfirborði.
    - Svolítill hryggur (Reykir-1756-23) er á flötinni norðan við hús Byggðasafnsins á Reykjum og liggur hann norður-suður með stefnu rétt vestan við gamla skólahúsið og austan við hús safnsins. Mögulega eru þetta leifar vegar og brautarteina sem lagðir voru frá birgðageymslu vestan við skólahúsið til suðurs þvert yfir tangann að lítilli bryggju sem var suðvestan til á tanganum.
    - Á tanganum voru að auki staðsettar tvær fallbyssur og sjást undirstöður annarrar þeirra (Reykir-1756-24) enn í flæðarmálinu vestan við hús Byggðasafns Húnvetninga og Strandamanna.
    - Ekki var leitað minja utan skráningarsvæðis fyrir ljósleiðarann sem afmarkaðist við 50m radíus frá miðlínu hans.

## Heimildaskrá

Bj.L. – Björn Lárusson 1967. *The old icelandic land registers.* Institute of Economic History – Lund University. Lund, 1967.

Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn II. Hið íslenzka bókmenntafélag. Kaupmannahöfn, 1893.

Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn III. Hið íslenzka bókmenntafélag. Kaupmannahöfn, 1896.

Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn IV. Hið íslenzka bókmenntafélag. Kaupmannahöfn, 1897.

Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn VII. Hið íslenzka bókmenntafélag. Reykjavík, 1903-1907.

Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn IX. Hið íslenzka bókmenntafélag. Reykjavík, 1909-1913.

Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn XI. Hið íslenzka bókmenntafélag. Reykjavík, 1915-1925.

Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn XII. Hið íslenzka bókmenntafélag. Reykjavík, 1923-1932.

Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn XIV. Hið íslenzka bókmenntafélag. Reykjavík, 1944-1949.

Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn XV. Hið íslenzka bókmenntafélag. Reykjavík, 1947-1950.

Friðþór Eydal 2015. *Hersetan á Ströndum og Norðurlandi vestra.* Bókaútgáfan Hólar. Akureyri, 2015.

JÁM VIII – *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín*. 8. Bindi. Hið íslenska fræðarafjelag í Kaupmannahöfn. Kaupmannahöfn, 1926.

Johnsen – Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu. Útg. J. Johnsen. Kaupmannahöfn, 1847.

Jósafat Hjaltalín 1926. *Hof í Miðfirði.* Árbók hins íslenska fornleifafélags. 39. Árg. 1925-1926. Bls. 54.

Margeir Jónsson 1927. *Lítil athugasemd.* Árbók hins íslenzka fornleifafélags. 40. árg. 1927. Bls. 74-75.

### Aðrar heimildir

Ö-H – Huppahlíð. [Skrásetjara og heimildamann vantar].* Örnefnastofnun Íslands, [ártal vantar].

* Í athugasemdum Guðjóns Jónssonar (f. 1895) við skrána kemur fram að hann hafi aðstoðað Jón föður sinn og Helga Guðmundsson frá Tjarnarkoti við gerð örnefnaskrárinnar.

Ö-GJ – Huppahlíð – Viðbætur og leiðréttingar. Skrásetjari Sigfús Jónsson. Heimildamaður Guðjón Jónsson. Örnefnastofnun Íslands, [ártal vantar].

Ö-HB – Huppahlíð – Athugasemdir og viðbætur. Skrásetjari Guðlaug Sigurðardóttir. Heimildamaður Helgi Björnsson. Örnefnastofnun Íslands, 2010.

Ö-HG – Kollafoss. Skrásetjari og heimildamaður Helgi Guðmundsson frá Tjarnarkoti. Frágangur Jónína Hafsteinsdóttir. Örnefnastofnun Íslands, [ártal vantar].

Ö-HV – Kollafoss – Svör við spurningum. Skrásetjari Jónína Hafsteinsdóttir. Heimildamaður Helgi Valdimarsson. Örnefnastofnun Íslands, 1999.

Ö-GV – Kollafoss-Fosshóll. Skrásetjari Guðlaug Sigurðardóttir. Heimildamaður Gunnlaugur Valdimarsson. Örnefnastofnun Íslands, 2010.

Ö-HG, GJ. Skrásetjari Sigurður Randver Sigurðsson. Heimildamenn Helgi Guðmundsson og Gunnar Jónasson. Örnefnastofnun Íslands, [ártal vantar].

## Heimasíður

Fasteignamat ríkisins: www.skra.is

Minjastofnun Íslands: www.minjastofnun.is

## Heimildamenn

Þorsteinn Sigurjónsson á Reykjum.

Guðmundur Þorbergsson á Neðri-Núpi.

Gunnar Þorvaldsson á Litla-Ósi.

Þórunn Sveinsdóttir á Stóra-Ósi.

Jóhann Johansen á Skeggjastöðum.

Ásta Sveinsdóttir á Fosshóli.

Sólrún Þorvarðardóttir á Núpsdalstungu.

# Fylgiskjöl

| Auðkenni | | Sérheiti | Tegund | Hlutverk | Aldur_frá | Aldur_til | Hættumat | Hættuorsök | X | Y |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1756 - | 1 | | tóft | óþekkt/sel | 800 | 1700 | engin hætta | | 410894 | 543037 |
| 1756 - | 2 | | garðlag | matjurtagarður | 1700 | 1950 | engin hætta | | 410912 | 543038 |
| 1756 - | 3 | | garðlag | óþekkt/túngarður | 1750 | 1900 | engin hætta | | 411394 | 541011 |
| 1756 - | 4 | | garðlag | óþekkt | 1850 | 1950 | engin hætta | | 412047 | 537740 |
| 1756 - | 5 | Ytri-Reykir | Heimild | bæjarhóll | 1800 | 1954 | hætta | framkvæmda | 412161 | 537715 |
| 1756 - | 6 | | garðlag | óþekkt | 800 | 1900 | hætta | framkvæmda | 412237 | 537361 |
| 1756 - | 7 | | garðlag | óþekkt | 1850 | 1950 | engin hætta | | 412253 | 537326 |
| 1756 - | 8 | Torfastaðir | heimild | bæjarhóll/bjæarstæði | 1950 | 2015 | hætta | framkvæmda | 416673 | 519364 |
| 1756 - | 9 | | tóft | óþekkt/stekkur | 800 | 1900 | engin hætta | | 417086 | 519107 |
| 1756 - | 10 | Neðri-Núpur | hóll | bæjarhóll/bjæarstæði | 1350 | 2015 | hætta | framkvæmda | 417669 | 517089 |
| 1756 - | 11 | | dæld | fjárhús | 800 | 1900 | mikil hætta | framkvæmda | 418027 | 515896 |
| 1756 - | 12 | | dæld | óþekkt | 800 | 1900 | mikil hætta | framkvæmda | 418038 | 515890 |
| 1756 - | 13 | | tóft | óþekkt/mylla | 1600 | 1900 | engin hætta | | 411550 | 527240 |
| 1756 - | 14 | | tóft | óþekkt/kvíar? | 1800 | 1950 | engin hætta | | 411538 | 527270 |
| 1756 - | 15 | | garðlag | túngarður | 800 | 1900 | engin hætta | | 411545 | 527253 |
| 1756 - | 16 | Kollafoss | hóll | bæjarhóll | 1300 | 1950 | mikil hætta | framkvæmda | 411249 | 521290 |
| 1756 - | 17 | Kvíaból | heimild | kvíar | 1300 | 1900 | engin hætta | | 411178 | 521312 |
| 1756 - | 18 | | heimild (um hleðslu) | óþekkt | | | engin hætta | | 411292 | 521495 |
| 1756 - | 19 | Skeggjastaðir | hóll | Bæjarhóll | 1350 | 2015 | hætta | framkvæmda | 412018 | 520799 |
| 1756 - | 20 | | hóll/dældir | óþekkt/útihús? | 800 | 1900 | mikil hætta | framkvæmda | 411937 | 520878 |
| 1756 - | 21 | | hús | | | 2015 | engin hætta | | 401688 | 530312 |
| 1756 - | 22 | | tóft | óþekkt/her- aða sjóminjar | 1940 | 1945 | hætta | framkvæmda | 401639 | 530297 |
| 1756 - | 23 | | dældir og hryggir | óþekkt/herminjar | 1940 | 1945 | engin hætta | | 401608 | 530103 |
| 1756 - | 24 | Fallbyssustæði | steypa | hernaður | 1940 | 1945 | mikil hætta | landbrots | 401494 | 530030 |
| 1757 - | 25 | Litli-Ós | heimild | bæjarhóll/bjæarstæði | 1450 | 2015 | hætta | framkvæmda | 411309 | 541361 |



Syðri-Vellir Yfirlitsmynd 1
Syðri-Vellir
N
1756-1
1756-2
Vallaá
Gróin varða og
steinalögn (kuml?)
rétt?
tóft
rétt?
Gróin varða
100
0
100
200 m


Ósbæir - Yfirlitsmynd 2
N
1756-25
Litli-Ós
1756-3
Króksá
Stóri-Ós
Syðri-Ós
100
0
100
200 m
M


Laugarbakki - Yfirlitsmynd 3
N
1756-4
1756-5
Ytri-Reykir
Syðri-Reykir
1756-6
1756-7
Laugarbakkaskóli
100
0
100
200 m
M


Torfastaðir Yfirlitsmynd 4
N
Torfastaðir
1756-8
heimild um tóft
gamla bæjarstæði
1756-9
Hallsstekkjarlækur
100 0 100 200 m
M



N
Neðri-Núpur Yfirlitsmynd
bæjarstæði ytri bæjar
garðlag umhv. gróðurh.
1756-10
Neðri-Núpur
100
0
100
200 m



Efri-Núpur Yfirlitsmynd 6
N
1756-11
1756-12
Efri-Núpur
100
0
100
200 m
M


Huppahlíð Yfirlitsmynd 7
N
Huppahlíð
gamla bæjarstæði
1756-14
1756-15
1756-13
Hlíðará
Huppahlíð
yngra íbúðarhús
100
0
100
200 m
M


Kollafoss/Fosshóll og Skeggjastaðir Yfirlitsmynd 8
1756-18
Fosshóll
Kollafoss
1756-17
1756-16
1756-20
Skeggjastaðir
1756-19
N
100
0
100
200 m
M



N
Reykir
Yfirlitsmynd 9
1756-21
1756-22
Reykjaskóli
1756-23
1756-24
Byggðasafnið á Reykjum
Reykir
100
0
100
200 m




IMG_001
Garðlag 1756-3, horft til vesturs.




IMG_002
Króksá í landi Stóra-Óss, horft í suðurátt.




IMG_003
Króksá í landi Stóra-Óss, horft í suðurátt.




IMG_007
Matjurtagarður í gili Vallaár, neðan vegar og utan skáningarsvæðis. Horft til norðurs.




IMG_008
Matjurtagarður í gili Vallaár, neðan vegar og utan skáningarsvæðis. Horft til norðurs.




IMG_009
Matjurtagarður í gili Vallaár, neðan vegar og utan skáningarsvæðis. Horft til austurs.




IMG_010
Fornleg tóft 1756-3 og matjurtagarður 1756-4 í landi Syðri-Valla. Horft til norðurs.




IMG_011
Fornleg tóft 1756-3 og matjurtagarður 1756-4 í landi Syðri-Valla. Horft til NNA.




IMG_012
Fornleg tóft 1756-3 og matjurtagarður 1756-4 í landi Syðri-Valla. Horft til austurs.




IMG_013
Fornleg tóft 1756-3 og matjurtagarður 1756-4 í landi Syðri-Valla. Horft til suðvesturs.




IMG_014
Fornleg tóft 1756-3 og matjurtagarður 1756-4 í landi Syðri-Valla. Horft til suðvesturs.




IMG_015
Fornleg tóft 1756-3 og matjurtagarður 1756-4 í landi Syðri-Valla. Horft til suðurs.




IMG_016
Gróin hleðsla, utan svæðis í landi Syðri-Valla. Hoft til suðurs.




IMG_017
Gróin hleðsla, utan svæðis í landi Syðri-Valla. Hoft til vesturs.




IMG_018
Gróin hleðsla, utan svæðis í landi Syðri-Valla. Hoft til norðurs.




IMG_019
Gróin hleðsla, utan svæðis í landi Syðri-Valla. Hoft til vesturs.




IMG_020
Rétt eða gripheldi af einhverju tagi í landi Syðri-Valla, utan svæðis. Horft til SSV.




IMG_021
Rétt eða gripheldi af einhverju tagi í landi Syðri-Valla, utan svæðis. Horft til suðurs.




IMG_022
Rétt eða gripheldi af einhverju tagi í landi Syðri-Valla, utan svæðis. Horft til suðausturs.




IMG_023
Tóft af einhverju tagi, lágir veggir, utan svæðis í landi Syðri-Valla. Horft SSV.




IMG_024
Tóft af einhverju tagi, lágir veggir, utan svæðis í landi Syðri-Valla. Horft SSV.




IMG_025
Gróin hleðsla og steinalögn neðan hennar (kuml?) utan svæðis í landi Syðri-Valla. Horft til N.




IMG_026
Gróin hleðsla og steinalögn neðan hennar (kuml?) utan svæðis í landi Syðri-Valla. Horft til NA.




IMG_027
Gróin hleðsla og steinalögn neðan hennar (kuml?) utan svæðis í landi Syðri-Valla. Horft til N.



IMG_0374
Far eftir skurð eða gamla lögn frá fjárhúsunum á Haugi og niður að vegi. Horft til vesturs.



IMG_0375
Horft til vesturs heim að Haugi.



IMG_0376
Horft til austurs eftir fyrirhugaðri lagnaleið yfir að Núpsdalstungu.



IMG_0377
Varða ofan vegar og utan skráningarsvæðis, norðarlega í landi Torfastaða. Horft ca í SV.



IMG_0378
Varða ofan vegar og utan skráningarsvæðis, norðarlega í landi Torfastaða. Horft til vesturs.



IMG_0380
Horft til vesturs upp eftir afleggjaranum og yfir fyrirhugaða lagnaleið að Torfastöðum. Hóllinn Skiphóll fyrir miðri mynd neðan bæjar. Gamla bæjarstæði í jaðri myndar til vinstri.



IMG_0381
Dældir eftir fjárhús Efri-Núpur-1756-11 í túninu neðan vegar heim að Efri-Núpi. Horft til norðurs ca.



IMG_0382
Dældir eftir fjárhús Efri-Núpur-1756-11 og leifar eldri minja Efri-Núpur-1756-12 í túninu neðan vegar heim að Efri-Núpi. Horft til suðausturs ca.



IMG_0383
Dældir eftir fjárhús Efri-Núpur-1756-11 og leifar eldri minja Efri-Núpur-1756-12 í túninu neðan vegar heim að Efri-Núpi. Horft til suðausturs ca.



IMG_0384
Dældir eftir fjárhús Efri-Núpur-1756-11 og leifar eldri minja Efri-Núpur-1756-12 í túninu neðan vegar heim að Efri-Núpi. Horft til austurs ca.



IMG_0385
Dældir eftir fjárhús Efri-Núpur-1756-11 og leifar eldri minja Efri-Núpur-1756-12 í túninu neðan vegar heim að Efri-Núpi. Horft til norðurs ca.



IMG_0386
Dældir eftir fjárhús Efri-Núpur-1756-11 og leifar eldri minja Efri-Núpur-1756-12 í túninu neðan vegar heim að Efri-Núpi. Horft til norðurs ca.



IMG_0387
Dældir eftir fjárhús Efri-Núpur-1756-11 og leifar eldri minja Efri-Núpur-1756-12 í túninu neðan vegar heim að Efri-Núpi. Horft til NV ca.



IMG_0388
Efri-Núpur, kirkja og gamla bæjarstæði. Horft til suðurs.



IMG_0389
Íbúðarhúsið á Efri-Núpi, horft til suðvesturs.



IMG_0390
Dældir eftir fjárhús Efri-Núpur-1756-11 og leifar eldri minja Efri-Núpur-1756-12 í túninu neðan vegar heim að Efri-Núpi. Horft til norðurs ca.



IMG_0391
Möguleg torfstunga/-rista í Torfmýri milli Efri- og Neðri-Núps.



IMG_0392
Neðri-Núpur, horft heim til bæjar, í norður átt.



IMG_0393
Gamli bæjarhóllinn á Neðri-Núpi 1756-10. Horft til suðvesturs.



IMG_0394
Horft upp til vesturs norðan við gamla bæjarhólinn 1756-10 á Neðri-Núpi.



IMG_0395
Bæjarstæði ytri bæjar á Neðri-Núpi. Tóftir utan svæðis og voru ekki mældar upp. Horft til norðvesturs.



IMG_0396
Bæjarstæði ytri bæjar á Neðri-Núpi. Tóftir utan svæðis og voru ekki mældar upp. Horft til norðvesturs.



IMG_0397
Horft til suðurs heim að bæ á Neðri-Núpi.



IMG_0399
Bæjarstæði ytri bæjar á Neðri-Núpi. Tóftir utan svæðis og voru ekki mældar upp. Horft til norðvesturs.


IMG_0401
Gróin varða milli bæjanna Torfustaða og Neðri-Núps, utan svæðis. Horft til norðausturs.


IMG_0402
Gróin varða milli bæjanna Torfustaða og Neðri-Núps, utan svæðis. Horft til norðurs.


IMG_0403
Gróin varða milli bæjanna Torfustaða og Neðri-Núps, utan svæðis. Horft til ASA.


IMG_0404
Hallsstekkur 1756-9 í landi Torfastaða, horft til norðurs.


IMG_0405
Hallsstekkur 1756-9 í landi Torfastaða, horft til SV.


IMG_0406
Hallsstekkur 1756-9 í landi Torfastaða, horft til SSA.



IMG_0407
Hallsstekkur 1756-9 í landi Torfastaða, horft til suðurs.



IMG_0408
Hallsstekkur 1756-9 í landi Torfastaða, horft til suðvesturs.



IMG_0409
Hallsstekkur 1756-9 í landi Torfastaða, horft til vesturs.



IMG_0410
Horft til norðvesturs heim að Torfastöðum af Hallsstekkjarhóli.



IMG_0418
Horf til suðurs yfir Skiphól neðan við bæ á Torfastöðum.



IMG_0419
Horft til suðveturs heim að Torfastöðum 1756-8. Túngarður til hægri á myndinni, utan svæðis.



IMG_0420
Horft til suðveturs heim að Torfastöðum 1756-8. Túngarður sést fyrir miðri mynd, hann var utan svæðis og ekki skráður.



IMG_0421
Horft til suðveturs heim að Torfastöðum 1756-8.



IMG_0422
Horft niður túnið norðan við Skiphól eftir lagnaleiðinni heim að Torfastöðum.



IMG_0423
Horft til vesturs heim að Torfastöðum 1756-8 af Skiphóli.



IMG_0424
Horft til suðurs af Skiphóli í landi Torfastaða.



IMG_0425
Horft til suðausturs af Skiphóli neðan við núverandi bæjarstæði á Torfustöðum, gamla bæjarstæðið fyrir miðri mynd. Utan svæðis.



IMG_0426
Horft til austurs af Skiphóli í landi Torfastaða.



IMG_0427
Torfastaðir, bygging að hluta úr torfi.



IMG_0428
Útihús sem búið er að breyta til íbúðar á Torfastöðum.



IMG_0429
Túngarður norðan bæjar á Torfastöðum, utan svæðis.



IMG_0430
Horft af Pétursholum suðvestan bæjar á Núpsdalstungu, til vesturs.



IMG_0431
Horft heim að Núpsdalstungu til norðausturs.



IMG_0432
Horft til austurs upp eftir Pétursrhólum suðvestan bæjar á Núpsdalstungu.



IMG_0433
Horft til suðurs af túninu neðan bæjar á Núpsdalstungu, tóftir sunnan túns í bakgrunni.



IMG_0434
Horft til suðurs af túninu neðan bæjar á Núpsdalstungu, tóftir sunnan túns í bakgrunni.



IMG_0436
Horft upp eftir lagnaleiðinni til austurs heim að Barkarstöðum.



IMG_0437
Horft upp eftir lagnaleiðinni til austurs heim að Barkarstöðum.



IMG_0438
Horft upp eftir lagnaleiðinni til norðausturs heim að Barkarstöðum.



IMG_0439
Horft til suðvesturs eftir lagnaleiðinni frá Barkarstöðum.



IMG_0441
Horft til norðurs frá syðsta íbúðarhúsinu á Barkarstöðum.



IMG_0448
Horft til SSV í átt að Laugarbakka.



IMG_0449
Horft eftir gamla veginum til norðurs í landi Saura, milli Syðri-Óss og Laugarbakka.



IMG_0450
Fjósið á Syðri-Ósi horft til suðausturs.



IMG_0451
Tún neðan fjóss á Syðri-Ósi horft til SA.



IMG_0452
Íbúðarhúsið á Syðri-Ósi horft til suðvesturs.



IMG_0453
Íbúðarhúsið á Stóra-Ósi horft til vesturs.



IMG_0454
Horft til norðausturs eftir lagnaleiðinni frá Stóra- og Syðri-Ósi í átt til Syðri-Valla.



IMG_0455
Mó- eða torfgrafir ofan vegar í landi Stóra-Óss, utan svæðis. Horft til SSV.



IMG_0456
Horft til suðvesturs eftir lagnaleiðinni frá Stóra- og Syðri-Ósi í átt til Syðri-Valla.



IMG_0457
Gróin þúfa, mögulega torfvarða rétt utan svæðis sunnan ár í landi Stóra-Óss. Horft til vesturs.



IMG_0458
Gróin þúfa, mögulega torfvarða rétt utan svæðis sunnan ár í landi Stóra-Óss. Horft til SSV.



IMG_0459
Gróin þúfa, mögulega torfvarða rétt utan svæðis sunnan ár í landi Stóra-Óss. Horft til vesturs.



IMG_0460
Steinar undan girðingu sunnan ár í landi Stóra-Óss.



IMG_0469
Undirstaða fyrir stórskotaliðsbyssu vestast á Reykjatanga, 1756-24. Horft til vesturs.



IMG_0470
Horft til ANA eftir fjörunni við Selvík á Reykjatanga. Hús byggðasafnsins á Reykjum til hægri og skólabyggingar fjær.



IMG_0471
Horft til norðurs yfir hrygg og dældir (1756-23) í flötinni norðan Reykjasafns, þar var þyrping bragga og á svipuðum slóðum, vegur og brautarteinar frá bryggju að birgðageymslu.



IMG_0472
Horft til norðurs yfir hrygg og dældir (1756-23) í flötinni norðan Reykjasafns, þar var þyrping bragga og á svipuðum slóðum, vegur og brautarteinar frá bryggju að birgðageymslu.



IMG_0473
Horft til NA yfir hrygg og dældir (1756-23) í flötinni norðan Reykjasafns, þar var þyrping bragga og á svipuðum slóðum, vegur og brautarteinar frá bryggju að birgðageymslu.



IMG_0474
Horft til SA yfir hrygg og dældir (1756-23) í flötinni norðan Reykjasafns, þar var þyrping bragga og á svipuðum slóðum, vegur og brautarteinar frá bryggju að birgðageymslu.



IMG_0475
Horft til suðurs yfir hrygg og dældir (1756-23) í flötinni norðan Reykjasafns, þar var þyrping bragga og á svipuðum slóðum, vegur og brautarteinar frá bryggju að birgðageymslu.



IMG_0476
Horft til SSV yfir hrygg og dældir (1756-23) í flötinni norðan Reykjasafns, þar var þyrping bragga og á svipuðum slóðum, vegur og brautarteinar frá bryggju að birgðageymslu.



IMG_0477
Norður við ós Hveralækjar á Reykjatanga. Horft til norðurs.



IMG_0478
Horft til norðurs yfir Selvík, Stekkjarnes í fjarska.



IMG_0479
Horft til suðurs yfir spil og tóft með steinsteyptum sökkli (1756-22) sunnan óss Hveralækjar á Reykjatanga.



IMG_0480
Horft til austurs yfir ttóft með steinsteyptum sökkli (1756-22) sunnan óss Hveralækjar á Reykjatanga. Uppistandandi torfkofi (1756-21) sést til vinstri á myndinni og skyggir að hluta á litla gröfu.



IMG_0482
Uppistandandi torfkofi (1756-21) sunnan Hveralækjar norðarlega á Reykjatanga. Horft til norðurs.



IMG_0483
Uppistandandi torfkofi (1756-21) sunnan Hveralækjar norðarlega á Reykjatanga.



IMG_0484
Horft til SA eftir grasflötinni á Reykjatanga, greinilega sér móta fyrir gömlum vegi í framhaldi af þeim sem nú er. Þetta var utan svæðis og ekki skráð.



IMG_0485
Horft til NV í átt að gamla skólahúsinu á Reykjum.



IMG_0486
Horft til vesturs yfir Reykjatanga.



IMG_0487
Horft til vesturs yfir Reykjatanga.



IMG_9701
Horft til norðurs heim að gamla íbúðarhúsinu í Huppahlíð.



IMG_9702
Horft til norðaustur heim að yngra íbúðarhúsinu í Huppahlíð.



IMG_9703
Horft til suðausturs af Járnhetti/Mylluhól yfir Hlíðará. Niður við ána sér í myllutóft (1756-13) og garðlag upp eftir brekkunni (1756-15) neðst á myndinni.



IMG_9704
Myllutóft (1756-13) á norðurbakka Hlíðarár í landi Huppahlíðar, yngra íbúðarhúsið í Huppahlíð í bakgrunni. Horft til austurs.



IMG_9705
Myllutóft (1756-13) á norðurbakka Hlíðarár í landi Huppahlíðar.



IMG_9706
Myllutóft (1756-13) á norðurbakka Hlíðarár í landi Huppahlíðar, yngra íbúðarhúsið í Huppahlíð í bakgrunni. Horft til austurs.



IMG_9707
Myllutóft (1756-13) á norðurbakka Hlíðarár í landi Huppahlíðar. Horft til suðvesturs.



IMG_9708
Myllutóft (1756-13) á norðurbakka Hlíðarár í landi Huppahlíðar.



IMG_9709
Þúfa eða torfvarða sunnarlega í landi Huppahlíðar, utan svæðis.


IMG_9710
Áberandi varða á hóli sunnarlega í landi Huppahlíðar, utan svæðis. Horft til suðausturs.


IMG_9711
Áberandi varða á hóli sunnarlega í landi Huppahlíðar, horft til norðurs.


IMG_9713
Varða í landi Huppahlíðar, utan svæðis.


IMG_9714
Varða í landi Huppahlíðar, utan svæðis.


IMG_9715
Vörður nærri merkjum Huppahlíðar og Kollafoss/Fosshóls, utan svæðis.


IMG_9716
Vörður nærri merkjum Huppahlíðar og Kollafoss/Fosshóls, utan svæðis.



IMG_9717
Gróin varða nærri merkjum Huppahlíðar og Kollafoss/Fosshóls, utan svæðis.



IMG_9718
Gróin varða nærri merkjum Huppahlíðar og Kollafoss/Fosshóls, utan svæðis.



IMG_9719
Mógrafarsvæði norðvestan við Kollafoss, neðan svæðis.



IMG_9724
Horft heim að Kollafossi, til austurs.



IMG_9725
Horft heim að Fosshóli til norðausturs.



IMG_9726
Horft til norðvesturs frá bæjarhlaði á Skeggjastöðum, yfir tóftalegan hól með dældum í túninu (1756-20).



IMG_9727
Horft til norðvesturs frá bæjarhlaði á Skeggjastöðum, yfir tóftalegan hól með dældum í túninu (1756-20).



IMG_9727b
Horft heim að Kollafossi og Fosshóli frá Skeggjastöðum.



IMG_9729
Horft til suðausturs heim að Skeggjastöðum, yfir tóftalegan hól með dældum í túninu (1756-20).



IMG_9730
Horft til suðausturs heim að Skeggjastöðum, yfir tóftalegan hól með dældum í túninu (1756-20).



IMG_9732
Horft til austurs upp eftir garðlagi (1756-4) norðan við hitaveituhúsin á Laugarbakka.



IMG_9733
Horft til austurs heim að Ytri-Reykjum (1756-5).



IMG_9736
Horft til vesturs niður eftir garðlagi (1756-4) norðan við hitaveituhúsin á Laugarbakka.



IMG_9737
Horft til vesturs heim að Syðri-Reykjum, matjurtagarður (1756-6) hægra megin við íbúðarhúsð lengst til vinstri á myndinni og garðlag (1756-7) hægra megin við lautina.



IMG_9739
Horft til norðurs í átt að íbúðarhúsinu á Syðri-Reykjum, matjurtagarður (1756-6) í brekkunni á móti.



IMG_9740
Garðlag (1756-7) sunnan lautar suður af íbúðarhúsinu á Syðri-Reykjum. Horft til suðurs.



IMG_9741
Garðlag (1756-7) sunnan lautar suður af íbúðarhúsinu á Syðri-Reykjum. Horft til vesturs.



IMG_9742
Garðlag (1756-7) sunnan lautar suður af íbúðarhúsinu á Syðri-Reykjum. Horft til suðurs. Horft til austurs.



IMG_9743
Garðlag (1756-7) sunnan lautar suður af íbúðarhúsinu á Syðri-Reykjum. Horft til suðurs.